

## REGLUR

### **um breytingu á reglum nr. 154/2010 um val nemenda til náms í næringarfræði við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.**

#### 1. gr.

Á eftir 2. mgr. 2. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Matvæla- og næringarfræðideild er heimilt að veita undanþágu frá ofangreindri reglu ef færri stúdentar standast samkeppnispróf en tilgreindur hámarksfjöldi, sbr. 1 gr. Þeim stúdentum sem náð hafa fyrstu einkunn í þremur námskeiðum en hafa fallið í einu námskeiði er heimilt að sækja um undanþágu frá reglum um samkeppnispróf, enda ljúki þeir og standist próf í því námskeiði sem þeir hafa fallið í áður en nám á 3. misseri hefst. Standist þeir ekki prófið við endurtöku fellur undanþágan úr gildi og viðkomandi þarf að endurinnritast í deildina. Fjöldi stúdenta sem unnt er að veita slika undanþágu takmarkast af þeim hámarksfjölda sem heimilt er að innrita til áframhaldandi náms á vormisseri 1. námsárs, sbr. 1. gr. Sama regla gildir um ákvörðun um hverjir komast áfram og varðandi þá sem staðist hafa öll próf, þ.e. meðaleinkunn allra námskeiða 1. misseris ræður.

#### 2. gr.

Upptalning á vægi námskeiða í 1. mgr. 3. gr. orðast svo:

30% Inngangur að næringarfræði.

25% Líffærafræði fyrir næringarfræðinema.

25% Efnafræði 1.

20% Matvælaframleiðsla og matvælaiðnaður.

#### 3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands að fenginni tillögu heilbrigðisvíndasviðs, eru settar með heimild í 3. og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar taka þegar gildi og verður þeim beitt við inntöku stúdenta frá og með háskóla-árinu 2013-2014.

*Háskóla Íslands, 11. desember 2012.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Pórður Kristinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2012